

UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skipulagsfulltrúi

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um innviði leikskóla til að taka við mikilli fjölgun (US210254)

Á fundi skipulags- og samgönguráðs dags. 06.10.2021 var lögð fram eftirfarandi fyrirspurn Áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins sem vísað var til umsagnar hjá umhverfis- og skipulagssviði, skipulagsfulltrúa:

*„Leikskólar í Mjódd eru þétt setnir og sumir sprungnir.
Útreikningar sýna að 800 íbúða fjölgun í neðra Breiðholti er 53% fjölgun íbúða.
Fulltrúi Flokks fólksins óskar að fá upplýsingar um eftirfarandi:
Ráða innviðir við svona mikla fjölgun á stuttum tíma?
Er gert ráð fyrir nýjum grunn- og leikskólum í Mjódd?“*

Umsögn:

Hafin er undirbúningur að kynningarferli og skipulagsgerð fyrir Mjódd en gert er ráð fyrir að sú vinna hefjist snemma á næsta ári. Allar forsendur fyrir þeirri skipulagsvinnu liggja fyrir í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040. Í undirbúningi verkefnisins verður unnin skipulagslýsing þar sem farið verður yfir tækifæri og takmarkanir á svæðinu s.s. fjölda íbúða, hæðir húsa, blöndun byggðar, samgöngur, aðgengi að þjónustu þ.m.t þörf á skóla og leikskólarýmum samhliða framtíðaruppbyggingu og þróun svæðisins.

Björn Axelsson, skipulagsfulltrúi